

GREINARGERÐ

Tillögur að samþykktarbreytingum á ársfundi Gildis-lífeyrissjóðs 28. apríl 2022

Almennt

Fjármála- og efnahagsráðherra gaf út nýjar dánar- og eftirlifendatöflur, að fengnu álitum Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga, í desember síðastliðnum. Lífeyrissjóðum ber að fara eftir þessum töflum við mat á dánar- og lífslíkum þegar lífeyrisskuldbindingar eru reiknaðar. Þessar töflur fela í sér nýja aðferð við mat á dánar- og lífslíkum þar sem nú er gert ráð fyrir því hver árgangur, karla og kvenna, hafi sínar eigin lífslíkur og er því spáð að hækkun á lífaldri sem átt hefur sér stað í fortíðinni muni halda áfram inn í framtíðina. Þannig er gert ráð fyrir því að yngri árgangar muni lifa lengur en þeir sem eldri eru. Ljóst er að hækkandi lífaldur sjóðfélaga hefur það í för með sér að greiða þarf mánaðarlegan lífeyri í lengri tíma en áður var reiknað með.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs ákvað að innleiða nýjar dánar- og eftirlifendatöflur við tryggingafræðilega úttekt hans fyrir árið 2021. Miðast þannig ársreikningur sjóðsins fyrir síðasta ár við þessar nýju forsendur. Tryggingafræðileg staða sjóðsins, miðað við nýjar forsendur, var 1,4%. Hins vegar er áfallin staða sjóðsins, sem horfir til iðgjalda sem þegar hafa borist og réttindi sem stafa af þeim, jákvæð um 12,9% en framtíðarstaða, sem horfir til iðgjalda sem berast í framtíðinni og réttinda sem stafa af þeim, neikvæð um 12,6%. Hvað framtíðarstöðu varðar þá felur þetta í sér að gildandi réttindatafla gefur fyrirheit um meiri réttindi en hægt er að standa við miðað við nýjar tryggingafræðilegar forsendur. Ef ekkert er að gert verður staða sjóðsins ósjálfbær. Hvað áfallna stöðu varðar er yngri kynslóðum að óbreyttu gefin fyrirheit um of há vænt mánaðarleg lífeyrisréttindi miðað við nýjar forsendur um væntan lífaldur þeirra á kostnað eldri kynslóða. Eru af þessum sökum lagðar til við ársfund mótvægisáðgerðir sem ætlað er að taka á þessari stöðu.

Mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til eru eftirfarandi:

1. Viðmiðunaraldur ellilífeyris helst óbreyttur en áfallnar skuldbindingar sjóðsins eru jafnaðar vegna nýrra forsendna. Gert er ráð fyrir því að áunnin réttindi verði lækkuð háð aldri svo áfallnar skuldbindingar haldist óbreyttar við innleiðingu á nýjum lífslíkum. Væntar mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur lækka mismunandi eftir árgöngum vegna mismunandi væntinga um lífaldur þeirra. Þannig verður breytingin mest hjá yngstu árgöngunum sem gert er ráð fyrir að lifi lengur en þær kynslóðir sem eldri eru.
2. Lögð er til ný réttindatafla sem byggir á nýjum forsendum um væntan lífaldur sjóðfélaga.
3. Jafnframt er lagt til að nýta góða áunnina stöðu sjóðsins til hækkunar á réttindum sjóðfélaga um 15%.

Nánar tiltekið þá hefur fyrsta skrefið þau áhrif að áunnin réttindi lækka sem hér segir:

Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting
2005	-12,0%	1992	-11,7%	1979	-10,8%	1966	-8,3%
2004	-12,0%	1991	-11,7%	1978	-10,7%	1965	-8,0%
2003	-12,0%	1990	-11,6%	1977	-10,6%	1964	-7,7%
2002	-11,9%	1989	-11,6%	1976	-10,4%	1963	-7,3%
2001	-11,9%	1988	-11,5%	1975	-10,3%	1962	-7,0%
2000	-11,9%	1987	-11,5%	1974	-10,1%	1961	-6,6%
1999	-11,9%	1986	-11,4%	1973	-9,9%	1960	-6,2%
1998	-11,8%	1985	-11,3%	1972	-9,7%	1959	-5,8%
1997	-11,8%	1984	-11,3%	1971	-9,5%	1958	-5,3%
1996	-11,8%	1983	-11,2%	1970	-9,3%	1957	-4,9%
1995	-11,8%	1982	-11,1%	1969	-9,1%	1956	-4,4%
1994	-11,7%	1981	-11,0%	1968	-8,8%	1955	-4,1%
1993	-11,7%	1980	-10,9%	1967	-8,6%		

Vegna samhliða hækkunar á réttindum í þriðja skrefi eru áhrif á áunnin réttindi í heild jákvæð en mismikið milli árganga. Mest eru áhrifin jákvæð fyrir lífeyrisþega og elstu árgangana:

Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting	Árgangur	Breyting
2005	1,2%	1992	1,5%	1979	2,6%	1966	5,5%
2004	1,2%	1991	1,5%	1978	2,7%	1965	5,8%
2003	1,2%	1990	1,7%	1977	2,8%	1964	6,1%
2002	1,3%	1989	1,7%	1976	3,0%	1963	6,6%
2001	1,3%	1988	1,8%	1975	3,2%	1962	6,9%
2000	1,3%	1987	1,8%	1974	3,4%	1961	7,4%
1999	1,3%	1986	1,9%	1973	3,6%	1960	7,9%
1998	1,4%	1985	2,0%	1972	3,8%	1959	8,3%
1997	1,4%	1984	2,0%	1971	4,1%	1958	8,9%
1996	1,4%	1983	2,1%	1970	4,3%	1957	9,4%
1995	1,4%	1982	2,2%	1969	4,5%	1956	9,9%
1994	1,5%	1981	2,3%	1968	4,9%	1955	10,3%
1993	1,5%	1980	2,5%	1967	5,1%		

Áunnin réttindi 67 ára og eldri auk örorku- og makalífeyrisþega hækka þannig um 10,5% við innleiðingu breytinganna.

Vegna innleiðingar nýrrar réttindatöflu sem er um 10-11% lægri en sú sem fyrir er vegna nýrra forsendna um væntan lífaldur munu heildaráhrif verða mest fyrir yngri árganga. Þetta er vegna þess að yngri árgangar munu greiða iðgjöld í fleiri ár á grundvelli nýrrar réttindatöflu og eiga jafnframt að jafnaði minni áunnin réttindi en eldri árgangar. Mánaðarleg fjárhæð lífeyris lækkar í réttindatöflu vegna þess að sjóðurinn þarf að gera ráð fyrir að greiða hann út í lengri tíma en áður var reiknað með út af hækkandi lífaldri.

Áhrif af hverju skrefi mótvægisáðgerða á sjóðinn í heild sinni verða sem hér segir:

	Áfallin staða	Framtíðarstaða	Heildarstaða
Staða 31.12.2021	12,9%	-12,6%	1,4%
Eftir aldursháða jöfnun (skref 1)	22,0%	-12,6%	5,7%
Með nýrri réttindatöflu (skref 2)	21,9%	-2,4%	11,1%
Eftir hækkun réttinda um 15,0% (skref 3)	6,1%	-2,3%	2,7%

Heildarstaða sjóðsins verður þannig jákvæð um 2,7% eftir innleiðingu mótvægisáðgerða, áfallin staða jákvæð um 6,1% og framtíðarstaða neikvæð um 2,3%.

Rétt er að halda því til hags að við tryggingafræðilega úttekt sjóðsins þá er byggt á lífslíkutöflum sem eru sérhæfðar fyrir sjóðinn, þ.e. þær byggja á sögulegum upplýsingum um lífaldur sjóðfélaga hjá Gildi.

Nýjar tryggingafræðilegar forsendur byggja á spá um framtíðina á grundvelli bestu fyrirliggjandi upplýsingum miðað við núverandi stöðu. Dánar- og eftirlífendatöflur eru reglulega teknar til endurskoðunar. Komi það í ljós síðar að spáin sem þær byggja á gangi ekki eftir sem nokkru nemur þá væri eðlilegt við þær aðstæður að taka réttindi sjóðfélaga til endurskoðunar í samræmi við það. Kæmi það til dæmis í ljós að lífaldur fari ekki hækkandi eða ekki með sama hraða og áður var áætlað gætu skapast forsendur til þess að auka réttindi sjóðfélaga á grundvelli nýrra upplýsinga í framtíðinni og reynslunnar á þeim tímamarki. Á þessum tímamarki er hins vegar ekki hægt að miða við annað en fyrirliggjandi forsendur enda lífeyrissjóðum skylt að reikna skuldbindingar sínar samkvæmt gildandi dánar- og eftirlífendatöflum á hverjum tíma.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til á samþykktum tengjast annað hvort innleiðingu mótvægisáðgerða eða fela í sér lagfæringar eða frekari skýringar á texta samþykka. Vísast til athugasemda varðandi einstakar greinar hvað

það varðar. Greinargerð þessari fylgir skjal þar sem breytingar eru sýndar miðað við gildandi texta samþykktu sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um gr. 3.2.

Lagt er til að Félag hársnyrtisveina fari úr samþykktum þar sem félagið hefur sameinast Félagi iðn- og tæknigreina.

Um gr. 7.1.

Breytingin er lögð til í því skyni að áréttu að tryggingafræðileg athugun fer fram fyrir samtryggingardeild sjóðsins og er framkvæmd af tryggingastærðfræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs.

Um gr. 7.2.

Lagt er til að notast við orðið réttindatöflur í stað orðsins lífeyrisloforð þar sem það er í samræmi við orðnotkun í viðauka samþykktu. Lagt er til að texti um endurskoðun réttindataflna verði í gr. 10.2. og er tilvísun breytt í samræmi við það.

Um gr. 7.3.

Helsta efnislega breytingin er að felld er úr textanum setningin: „Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykktu, eru aukin hlutfallslega jafn mikið“. Er það gert sökum þess að tryggingafræðilegar forsendur geta réttlætt það að aukning sé ekki hlutfallslega jafn mikil, eins og á í hlut nú þegar nýjar dánar- og eftirlifendatöflur gera ráð fyrir mismunandi væntum lífaldri eftir fæðingarári. Það lá hins vegar ekki fyrir þegar ákvæðið var upphaflega sett og miðað var við sama vænta lífaldur fyrir alla árganga. Getu þá verið tryggingafræðilegar forsendur til þess að auka réttindi mismikið milli árganga (s.s. ef í ljós kemur síðar að lífaldur hækki ekki eins mikið og gert var ráð fyrir og mismunandi milli árganga). Hins vegar mun eftir sem áður gilda að hækkun verður jöfn ef tryggingafræðilegar forsendur standa til þess, s.s. ef hækkun réttinda stafar af hækkun á verðmæti eignasafns sjóðsins. Aðrar breytingar eru til frekari skýringar á efni ákvæðisins og til þess að hnykkja á því að ársfundur taki endanlega ákvörðun um þetta efni.

Um gr. 7.4.

Helsta efnislega breytingin er að felld er úr textanum setningin: „Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykktu, hlutfallslega jafnmikið“. Er það gert sökum þess að tryggingafræðilegar forsendur geta réttlætt það að lækkun sé ekki hlutfallslega jafn mikil, eins og á í hlut nú þegar nýjar dánar- og eftirlifendatöflur gera ráð fyrir mismunandi væntum lífaldri eftir fæðingarári. Það lá hins vegar ekki fyrir þegar ákvæðið var upphaflega sett og miðað var við sama vænta lífaldur fyrir alla árganga. Getu þá verið tryggingafræðilegar forsendur til þess að lækka réttindi mismikið milli árganga (s.s. ef í ljós kemur að lífaldur hækki meira en gert var ráð fyrir og mismunandi milli árganga). Hins vegar mun eftir sem áður gilda að lækkun verður jöfn ef tryggingafræðilegar forsendur standa til þess, s.s. ef lækkun réttinda stafar af lækkun á verðmæti eignasafns sjóðsins. Aðrar breytingar eru til frekari skýringar á efni ákvæðisins og til þess að hnykkja á því að ársfundur taki

endanlega ákvörðun um þetta efni. Þess skal getið að sjóðurinn aflaði lögfræðialits í aðdraganda ársfundar þar sem það var niðurstaðan að breyting á réttindum með mismunandi hætti milli árganga, eins og lagt er til á þessum ársfundi, væri lögmæt þar sem málefnalegar forsendur búi að baki og jafnræðis væri gætt milli þeirra sem væru í sambærilegri stöðu.

Um gr. 9.7.

Annars vegar er lagt til að sjóðurinn geti skilað rafrænum yfirlitum til sjóðfélaga sé slíkt heimilt samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Í undirbúningi hefur verið lagafrumvarp sem heimilar lífeyrissjóðum að gera það með slíkum hætti.

Hins vegar er lagt til að fella út texta samþykktar sem gerir ráð fyrir áskorun í opinberri auglýsingu þar sem það verklag hefur verið aflagt. Sjóðurinn sendir út yfirlit um iðgjaldagreiðslur til sjóðfélaga tvisvar á ári og er á þeim yfirlitum vakin athygli á 60 daga reglu ákvæðisins.

Um gr. 10.1.

Að mestu eru lagðar til orðalagsbreytingar sem ekki er ætlað að hafa efnislegar breytingar. Tilvísun í viðauka C og texti um efni hans er felldur út þar sem lagt er til að viðaukinn verði felldur úr samþykktum. Texti sem áður var í gr. 10.2. er færður að hluta í gr. 10.1. og að sama skapi er texta um endurskoðun réttindataflna breytt og hann færður í gr. 10.2.

Um gr. 10.2.

Greininni er ætlað að fjalla um með hvaða hætti réttindatöflur sjóðsins geti tekið breytingum. Gert er ráð fyrir því að breytist tryggingafræðilegar forsendur í þeim mæli að mati tryggingarstærðfræðings sjóðsins að tilefni sé til breytinga á réttindatöflum þá skuli hann gera tillögu að nýjum réttindatöflum sem endurspegli breyttar forsendur og leggja fyrir stjórn sjóðsins. Samþykki stjórn tillöguna skal hún lögð fyrir næsta ársfund eða aukaársfund til staðfestingar. Að uppfylltum skilyrðum laga og samþykktar öðlast ný réttindatafla gildi fyrir ávinnslu réttinda í sjóðnum skv. samþykktar ársfundar eða aukaársfundar þar um. Kemur þetta ákvæði í stað gildandi lokamálsliðar gr. 10.1.

Um gr. 10.5.

Lögð er til breyting á tilvísun til töflu í viðauka þar sem gert er ráð fyrir nýjum Viðauka A.

Um gr. 11.2.

Lögð er til breyting á tilvísun til töflu í viðauka þar sem gert er ráð fyrir nýjum Viðauka A.

Um gr. 11.5

Lagt er til að ákvæðið verði fellt út þar sem það á ekki lengur við. Ný réttindatafla nær til 70 ára aldurs og því ekki þörf á sérstakri töflu fyrir 67-70 ára eða umfjöllun um hana. Þess í stað er lagt til að við 70 ára, 75 ára og 80 ára aldur skuli senda sjóðfélögum sem ekki hafa hafið töku ellilífeyris upplýsingar um lífeyrisréttindi þeirra og hvernig sækja megi um réttindin.

Um gr. 11.6.

Lagt er til að fella út seinni hluta greinarinnar þar sem hann á ekki lengur við.

Um gr. 12.9

Lagt er til að skylt sé að láta sjóðnum í té ákveðnar upplýsingar en ekki stjórn sjóðsins. Þetta er í samræmi við gildandi framkvæmd þar sem stjórn tekur í reynd ekki við þessum upplýsingum heldur starfsmenn sjóðsins.

Um gr. 16.1.

Lagðar eru til minni háttar breytingar til skýringar á texta ákvæðisins. Lagt er til að ákvæðið kveði á um að tryggingastærðfræðingur leggi til forsendur sem miðað er við í stað þess að notast við orðið mat.

Um gr. 16.2.

Lagt er til að iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru eldri en 70 ára skuli lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga í þá fjárfestingarleið sem ber minnstu áhættu hjá sjóðnum á hverjum tíma nema sjóðfélagi ákveði aðra fjárfestingarleið. Skal þá leggja inn bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélagi um slíka ráðstöfun og fer um útgreiðslu eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar. Þetta er breyting frá því sem verið hefur þar sem iðgjöld þeirra sem eru 70 ára eða eldri hafa verið endurgreidd. Hægt er að fresta lífeyristöku til allt að 80 ára aldurs hjá sjóðnum og er breytingin lögð til í því skyni að sjóðfélagi sem heldur áfram eftir 70 ára aldur á vinnumarkaði haldi því iðgjaldi sem greitt er vegna hans til sjóðsins.

Jafnframt er lagt til að berist sjóðnum iðgjöld vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára þá skuli þau endurgreidd og skal þá endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra.

Um gr. 17.1.

Lögð er til minni háttar breyting sem er til áréttingar á því að ekki sé þörf á því að bera samninga samkvæmt ákvæðinu undir ráðherra nema slíkt sé skylt samkvæmt lögum. Þá er lagt til að notast sé við orðið ráðherra í stað tiltekins ráðuneytis þar sem ráðherra er orðið sem notast er við í lögum og er þá hlutlaust gagnvart nafni ráðherra og ráðuneytis hverju sinni.

Um gr. 18.4.

Lagt er til að ákvæðið mæli fyrir um að verðmæti eingreiðslu lífeyris miðist við tryggingafræðilegar forsendur á útgreiðsludegi í stað þess að vísa í reglur í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Þannig er reglan sjálf færð inn í samþykktir og þá óþarfi að vísa til reglna sem standa utan samþykktanna í því samhengi.

Um gr. 24.3.

Lagt er til að notast sé við orðið ráðherra í stað tiltekins ráðuneytis þar sem ráðherra er orðið sem notast er við í lögum og er þá hlutlaust gagnvart nafni ráðherra og ráðuneytis hverju sinni.

Um Ákvæði I til bráðabirgða

Lagt er til að á árunum 2023-2025 skuli margfalda niðurstöðu framreiknings réttinda skv. gr. 12.6. (örorkulífeyrir) með stuðlum sem teknir eru fram í ákvæðinu fyrir þá sem úskurðaðir verða á örorkulífeyri á hverju ári um sig. Ákvæðið er lagt til í því skyni að innleiða breytingar á réttindatöflu gagnvart örorkulífeyrisþegum í skrefum þar sem nokkur munur getur verið á milli ára nú þegar breytingar eru innleiddar. Þetta á síður við í tilfalli ellilífeyris þar sem hann byggir ekki á framreikningi.

Um Viðauka A

Lagðar eru til nýjar réttindatöflur sem taka mið af nýjum dánar- og eftirlifendatöflum sem gert er ráð fyrir að gildi frá og með næstu áramótum eins og rakið hefur verið að framan í greinargerðinni. Ljóst er að horft fram í tímann munu nýir árgangar bætast í hóp sjóðfélaga sem gert er ráð fyrir að lifi lengur en þeir sem eldri eru á sama tíma og eldri árgangar fara á lífeyri. Gera má því ráð fyrir því að réttindatöflur sjóðsins þurfi að endurskoða á 5-10 ára fresti með þetta í huga, s.s. á sama tíma og dánar- og eftirlifendatöflur eru endurskoðaðar. Miðað við óbreytta spá má gera ráð fyrir að réttindatafla lækki eitthvað við hverja endurskoðun vegna væntinga um hærri lífaldur nýrra árganga. Breytingar á milli einstakra árganga eru hins vegar að mati tryggingastærðfræðings sjóðsins ekki það örar að máli skipti að gera tíðari breytingar á réttindatöflum sjóðsins samkvæmt framangreindu.

Tilvísanir í nýjan Viðauka A og töflur í þessum viðauka eru uppfærðar í samþykktum þar sem það á við.

Um Viðauka B

Lagt er til að bæta við í inngangsorð viðaukans að um sé að ræða breytingar hjá samtryggingardeild. Þá er lagt til að „eftir atvikum“ sé bætt við þar sem breytingar á réttindum geta verið að eiga sér stað án þess að það sé beinlínis lögskylt á grundvelli 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997.

Þá er lagt til að bætt verði við í 6. tölulið þeim ákvörðunum um breytingar á réttindum sem lagt er til að teknar verði á ársfundi 2022. Með því að samþykkja samþykktarbreytingarnar felst að teknar eru þær ákvarðanir sem þar er lýst.

Þannig komi fram að samþykkt hafi verið á ársfundi að innleiða nýjar dánar- og eftirlifendatöflur sem staðfestar voru af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021. Samþykkt ársfundar feli það í sér að endurreikna skuli áunnin réttindi til lífeyris samkvæmt eftirfarandi reglum:

Áunnin réttindi hvers hóps sbr. a-liður eða fæðingarárgangs sbr. b-liður eru umreiknuð þannig að verðmæti áfallinna skuldbindinga vegna hvers hóps eða fæðingarárgangs haldist óbreytt samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum eins og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum.

a) Reikna skal áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna allra sjóðfélaga sem náð hafa 67 ára aldri, auk örorku- og makalífeyrisþega, annars vegar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og hins vegar samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Utreikningarnir skulu miða við 31.12.2021. Áunnin réttindi sjóðfélaga samkvæmt hinum nýju dánar- og eftirlifendatöflum eru endurreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar samtryggingardeildar vegna þessa hóps verði sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum samtryggingardeildar og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Áunnin réttindi framangreinds hóps lækka um 3,9% vegna þessa.

b) Reikna skal áfallnar skuldbindingar vegna annarra sjóðfélaga en tilgreindir eru í a-lið, nema barnalífeyrisþega, annars vegar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og hins vegar samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum.

Útreikningarnir skulu miða við 31.12.2021. Áunnin réttindi sjóðfélaga samkvæmt hinum nýju dánar- og eftirlifendatöflum eru endurreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar hvers fæðingarárgangs þessa hóps verði sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum samtryggingardeildar og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum.

Ársfundur samþykkir jafnframt á sama fundi að í kjölfar framangreindrar aðgerðar skuli áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga á árinu 2021 og fyrr hækka um 15%.

Hlutfallslegar breytingar á væntum mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum lækka í samræmi við töflu sem fram kemur í viðaukanum. Þá koma jafnframt fram í töflu samanlögð áhrif breytinga milli árganga sem leiða annars vegar af lækkun áunninna réttinda vegna innleiðingar á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og hins vegar vegna hækkunar réttinda sem ákveðin verði á sama fundi.

Um Viðauka C

Lagt er til að viðauki C verði felldur á brott en þess í stað komi fram helstu tryggingafræðilegu forsendur sem réttindatöflur sjóðsins byggja á í viðauka A.
